

ÚRSKURÐUR

ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 23/2012

Kæra Skeljungs hf. á ákvörðun Neytendastofu [nr. 45/2012](#).

1. Þann 1. nóvember 2013 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 23/2012: Kæra Skeljungs hf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 45/2012 frá 12. nóvember 2012. Í málinu úrskurða Hildur Dungal, Egill Heiðar Gíslason og Halldóra Þorsteinsdóttir.
2. Með kæru, dags. 6. desember 2012, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 45/2012 frá 12. nóvember 2012, um að ekki sé ástæða til aðgerða vegna kvörtunar kæranda yfir auglýsingum Olíuverzlunar Íslands hf. um „Opinn skóg“. Kærandi krefst þess aðallega að hinni kærðu ákvörðun verði breytt á þá leið að bann verði lagt við auglýsingum Olíuverzlunar Íslands hf. um að félagið styrki „Opinn skóg“, að viðlögðum dagsektum. Þá er þess krafist að lögð verði stjórnvaldssekt á félagið í samræmi við 22. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og að litið verði til þess við ákvörðun fjárhæðarinnar að félagið hafi ítrekað brotið gegn ákvæðum laganna. Til vara er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og Neytendastofu gert að taka málið upp til nýrrar ákvörðunar.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 26. apríl 2012, kvartaði kærandi yfir auglýsingum Olíuverzlunar Íslands hf. um að fyrirtækið styrki „Opinn skóg“. Í bréfinu kemur fram að þann 12. maí 2011 hafi Skógræktarfélag Íslands og kærandi gert með sér þriggja ára samstarfssamning varðandi opnun skóga fyrir almenning og fræðslustarf um skógrækt. Verkefnið beri heitið „Opinn skógur“. Við gerð samningsins hafi samstarfi Skógræktarfélagsins og Olíuverzlunar Íslands hf. sama efnis lokið. Olíuverzlun Íslands hf. hafi hins vegar ekki tekið niður auglýsingar sínar þess efnis að félagið styrki Opinn skóg þrátt fyrir að ár sé liðið frá lokum samstarfsins. Kæranda sé kunnugt um að slíkar auglýsingar séu enn uppi við bensínstöðvar Olís í Álfheimum, við Háaleitisbraut og í Norðlingaholti. Hugsanlega séu slíkar auglýsingar víðar.
5. Í bréfinu kemur fram að á undanförunum árum hafi áhugi neytenda á umhverfisvernd aukist verulega. Líti margir neytendur til þess við innkaup sín hvort fyrirtæki séu á einhvern hátt að leggja náttúrunni lið. Samkvæmt lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 séu óréttmætir viðskiptahættir bannaðir. Fyrirtæki megi ekki veita rangar eða villandi upplýsingar sem séu til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um viðskipti. Kærandi telji

umræddar auglýsingar til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um viðskipti. Að mati kæranda sé því um óréttmæta viðskiptahætti að ræða og kærandi telji að háttsemin geti brotið gegn 5. gr., 8. gr., 9. gr., 13. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005. Þá telji kærandi að einnig geti verið um að ræða brot gegn 4. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir. Eins vilji félagið benda á 9. gr. auglýsingar um leiðbeinandi reglur um auglýsingar um umhverfisvernd, þar sem fram komi að ef fyrirtæki haldi því fram við markaðssetningu sína að þau taki sérstakt tillit til umhverfisins verði slíkar fullyrðingar að vera sannar og réttar. Í bréfinu gerir kærandi síðan þær kröfur að Neytendastofa leggi bann við háttsemi Olúverzlunar Íslands hf. og að fyrirtækinu verði gert að taka umræddar auglýsingar niður að viðlögðum dagsektum. Einnig að stjórnvaldssekt verði lögð á fyrirtækið í samræmi við 22. gr. laga nr. 57/2005.

6. Með bréfi Neytendastofu, dags. 8. maí 2012, var Olúverzlun Íslands hf. kynnt framkomið erindi kæranda. Var jafnframt óskað eftir athugasemdum og skýringum félagsins í tilefni bréfsins. Svar barst með bréfi, dags. 16. maí 2012. Þar kemur fram að Olúverzlun Íslands hf. hafi allt frá árinu 2002 unnið að verkefninu „Opinn skógur“ með Skógræktarfélagi Íslands, en meginmarkmið verkefnisins sé að opna skóga fyrir almenning, auðvelda aðkomu og viðhalda þeim svæðum sem opnuð hafi verið. Allt frá árinu 2002 hafi Olúverzlun Íslands hf. greitt verulegar fjárhæðir til Skógræktarfélags Íslands til þessa verkefnis. Undanfarin ár hafi fjárstuðningur Olúverzlunar Íslands hf. einkum verið til að standa straum af þeim kostnaði sem hljótist af viðhaldi sem þurfi að sinna á þeim svæðum sem opnuð hafi verið með fjárstuðningi félagsins. Þau svæði sem hafi verið opnuð með stuðningi félagsins séu Sólbrekkur, Daníelslundur í Borgarfirði, Tunguskógur Ísafirði, Hrutey á Blönduósi, Eyjólfsstaðir í Fljótdalshéraði, Snæfoksstaðir í Árnessýslu, Hofstaðarskógur, Tröð, Akurgerði og Hálsaskógur.
7. Í bréfi kæranda til Neytendastofu komi fram að samningur þeirra við Skógræktarfélag Íslands hafi verið gerður 12. maí 2011 og að á sama tíma hafi samstarfi Olúverzlunar Íslands hf. og Skógræktarfélagsins lokið. Þessi fullyrðing kæranda um samstarfsslit á milli Olúverzlunar Íslands hf. og Skógræktarfélagsins sé röng. Síðasta greiðsla sem Olúverzlun Íslands hf. hafi greitt til Skógræktarfélags Íslands vegna þessa verkefnis, þ.e. til að viðhalda þeim svæðum sem búið sé að opna, hafi verið innt af hendi 25. ágúst 2011. Eins og fyrr segi hafi Olúverzlun Íslands hf. lagt verulegar fjárhæðir í verkefnið og telji sig í fullum rétti til að upplýsa almenning um aðkomu félagsins að verkefninu „Opinn skógur“.
8. Þess skuli þó getið í þessu samhengi að í gangi séu breytingar á merkingum á dælum. Sumum sé nú þegar lokið en aðrar séu í eðlilegu ferli. Það skuli undirstrikað að Olúverzlun Íslands hf. hafi í kynningu á verkefninu Opinn skógur á dælum félagsins eingöngu notað orðin „Olís eflir opinn skóg“ en ekki notað lógó verkefnisins. Það að kærandi ætli nú að styrkja verkefni um opnun frekari skóga hjá Skógræktarfélagi Íslands sé hið besta mál en það breyti hins vegar ekki ofangreindum staðreyndum um opnun þeirra skóga sem nefndir hafi verið að framan og viðhaldi þeirra, sem Olúverzlun Íslands hf. hafi ásamt öðrum fyrirtækjum staðið að síðan árið 2002 eða í rúm 10 ár. Olúverzlun Íslands hf. hafni þannig alfarið kvörtun kæranda og óski þess að Neytendastofa vísi málinu frá.

9. Með bréfi Neytendastofu, dags. 22. maí 2012, var kæranda kynnt svarbréf Olíuverzlunar Íslands hf. og boðið að koma að athugasemdum við það. Svar barst með bréfi, dags. 29. maí 2012. Þar kemur fram að vegna bréfs Olíuverzlunar Íslands hf. hafi fulltrúar Skógræktarfélags Íslands, þeir Brynjólfur Jónsson og Magnús Gunnarsson, verið boðaðir á fund í höfuðstöðvum kæranda þann 25. maí 2012 og inntir eftir svörum við fullyrðingum Olíuverzlunar Íslands hf. Á þeim fundi hafi komið fram að frá árinu 2011 hafi enginn samningur verið í gildi við Olíuverzlun Íslands hf. um stuðning við verkefnið „Opinn skóg“ auk þess sem kærandi sé eina olúfélagið sem styrki verkefnið og megi auglýsa sig sem styrktaraðila þess. Millifærslan sem Olíuverzlun Íslands hf. vísi í sé frjálst framlag til Skógræktarfélags Íslands en hafi enga tengingu við verkefnið „Opinn skógur“. Ljóst sé að fullyrðingar Olíuverzlunar Íslands hf. eigi því ekki við rök að styðjast og verði ekki betur séð en að félagið hafi enga heimild til þess að auglýsa sig undir slagorðinu „Olís eflir opinn skóg“. Fullyrðingin sé í nútíð og því sé engum vafa undirorpið að hún sé röng. Engu breyti þar um þó einkennismerki verkefnisins sé ekki nýtt við auglýsingar. Að öðru leyti ítreki kærandi kröfur sínar og málsástæður sem fram hafi komið í kvörtun fyrirtækisins til Neytendastofu, dags. 26. apríl 2012.
10. Með bréfi Neytendastofu til Olíuverzlunar Íslands hf., dags. 31. maí 2012, var félaginu kynnt framangreint bréf kæranda og boðið að koma að athugasemdum við það. Svar barst með bréfi, dags. 8. júní 2012. Þar er vísað til þess sem áður hafi komið fram um að Olíuverzlun Íslands hf. hafi veitt verkefninu „Opinn skógur“ stuðning allt frá árinu 2002 og að fjárstuðningi félagsins undanfarin ár hafi einkum verið ætlað að standa straum af þeim kostnaði sem hljótist af viðhaldi er þurfi að sinna á þeim svæðum sem opnuð hafi verið með stuðningi félagsins. Hvorki Skógræktarfélag Íslands né Olíuverzlun Íslands hf. hafi talið þörf á því að vera með formlegan samning um verkefnið frá árinu 2007. Fulltrúar félaganna hafi hist að jafnaði einu sinni á ári og sammælt um framlag Olíuverzlunar Íslands hf., enda hafi verkefnið, eins og fram hafi komið, einkum snúist um það seinni árin að viðhalda þeim svæðum sem opnuð hafi verið með fjárstuðningi félagsins. Því standi sú fullyrðing, að Olíuverzlun Íslands hf. hafi áfram árið 2011 veitt fjármagni til verkefnisins „Opinn skógur“, sbr. reikning, dags. 1. júlí 2011, sem meðfylgjandi sé bréfinu. Í bréfinu var þess sérstaklega óskað að reikningurinn yrði ekki sendur til kæranda.
11. Í bréfi Olíuverzlunar Íslands hf. segir síðan að miðað við framgöngu kæranda við umkvartanir vegna þessa góða verkefnis sé líklega mun frekar tilefni fyrir Olíuverzlun Íslands hf. að kvarta undan framgöngu kæranda vegna þess að hann „skreyti sig með stolnum fjöðrum“, þ.e. flaggi sínum fána við þá nafngreinda skóga sem þegar hafi verið opnaðir með stuðningi Olíuverzlunar Íslands hf. og annarra félaga. Því skuli það endurtekið að Olíuverzlun Íslands hf. telji sig í fullum rétti til að kynna almenningi að félagið hafi stutt verkefnið „Opinn skógur“, þótt kærandi hafi nú ákveðið að veita þessu góða verkefni stuðning sinn. Eðlilegast verði að telja að áfram verði haldið á lofti merkingum félagsins og annarra viðkomandi fyrirtækja við þá skóga, sem þau styrktu opnun á, og merki kæranda við þá skóga sem kærandi muni styrkja opnun á. Í þessu sambandi skuli sérstaklega undirstrikað að stuðningur Olíuverzlunar Íslands hf. hafi verið beintengdur opnun ákveðinna tilgreindra skóga, en ekki óskilgreindum stuðningi við verkefnið. Varðandi merkingar á dælum félagsins með orðunum „Olís eflir opinn skóg“ skuli það endurtekið, sem áður hafi komið fram, að án tillits til kvartana kæranda hafi þegar fyrir allnokkrum mánuðum verið

hafist handa við að breyta „skreytingum“ á dælum félagsins og muni því verki ljúka á næstunni, eftir því sem aðstæður leyfi. Olíuverzlun Íslands hf. hafni þannig alfarið kvörtun kæranda og ítreki ósk sína um að Neytendastofa vísi málinu frá.

12. Með bréfi Neytendastofu, dags. 28. júní 2012, var kæranda kynnt síðastgreint bréf Olíuverzlunar Íslands hf. og boðið að koma að athugasemdum sínum við það. Svar barst með bréfi kæranda, dags. 2. júlí 2012. Þar tekur kærandi fram að í bréfi Olíuverzlunar Íslands hf. hafi komið fram að félagið hafi samið um framlag til verkefnisins „Opinn skógur“ á fundum með fulltrúum Skógræktarfélags Íslands án þess að gerður hafi verið formlegur samningur um slíkt framlag. Því standi sú fullyrðing að Olíuverzlun Íslands hf. hafi áfram veitt fjármagni til verkefnisins árið 2011. Kæranda hafi ekki borist nein gögn vegna þessa sem renni stoðum undir fullyrðingar Olíuverzlunar Íslands hf. auk þess sem fulltrúar Skógræktarfélags Íslands staðhæfi að frá árinu 2011 hafi ekki verið fyrir hendi neinn samningur, hvorki skriflegur né munnlegur, þess efnis að Olíuverzlun Íslands hf. styrkti verkefnið „Opinn skógur“.
13. Fyrir liggja skriflegur samstarfssamningur milli kæranda og Skógræktarfélags Íslands sem gerður sé 12. maí 2011 um verkefnið „Opinn skógur“. Samkvæmt honum sé kæranda heimilað að auglýsa þátt sinn í verkefninu og hafa fána kæranda dregna að húni á svæðum Opinna skóga. Fullyrðingar um að kærandi „skreyti sig með stolnum fjöðrum“ séu því að öllu leyti haldslausar. Efni kvörtunar kæranda hafi snúið að því að Olíuverzlun Íslands hf. auglýsi sig enn með orðunum „Olís eflir opinn skóg“. Í bréfi félagsins segi orðrétt „Olís telur sig í fullum rétti til að kynna almenningi að félagið hafi stutt verkefnið „Opinn skóg“, þótt kærandi hafi nú ákveðið að veita þessu góða verkefni stuðning sinn“. Með þessum orðum komi skýrlega fram að Olíuverzlun Íslands hf. styðji ekki lengur verkefnið „Opinn skógur“ og sé því óheimilt að auglýsa stuðning sinn líkt og stuðningurinn eigi sér enn stað. Staðhæfingar félagsins um að fyrir nokkrum mánuðum hafi verið hafist handa við að breyta „skreytingum“ á dælum félagsins séu marklausar. Þeir sem til þekki viti að það taki örskamma stund að breyta um auglýsingar á bensíndælum, hafi menn raunverulegan vilja til þess. Kærandi ítreki því kröfur sínar og málsástæður sem fram komi í kvörtun fyrirtækisins til Neytendastofu.
14. Með bréfi Neytendastofu, dags. 5. júlí 2012, var Olíuverzlun Íslands hf. kynnt síðastgreint bréf kæranda og boðið að koma að skýringum eða athugasemdum við það. Svar barst með bréfi, dags. 13. júlí 2012. Þar er tekið fram að Olíuverzlun Íslands hf. hafi ekki frekari athugasemdir en þegar séu fram komnar. Félagið vilji þó nota tækifærið til að undirstrika, það sem áður hafi komið fram, um að það hafi stutt við verkefnið „Opinn skógur“ með fjárframlagi árið 2011, svo sem staðfest hafi verið með afriti af reikningi sem sendur hafi verið Neytendastofu sem trúnaðarmál. Því standi sú fullyrðing að Olís efli „Opinn skóg“. Þá sé þung áhersla lögð á þá staðreynd að félagið hafi stutt við tilgreind verkefni undir áttakinu „Opinn skógur“, en ekki ótilgreind verkefni, og því sé mjög eðlilegt og réttlátt að félagið haldi rétti sínum til að kynna fyrir almenningi aðkomu sína að verkefninu.
15. Í samstarfssamningi kæranda og Skógræktarfélags Íslands komi hins vegar eftirfarandi fram í 1. gr.: „Meginmarkmið verkefnisins er að opna skóga fyrir almenning og auðvelda aðkomu að

þeim“. Þetta sé almennt orðalag og engir ákveðnir skógar séu tilgreindir. Hér hljóti að vera átt við að opna ný svæði, enda ekki hægt að opna skóga sem nú þegar sé búið að opna með fjárstuðningi Olíuverzlunar Íslands hf. og annarra fyrirtækja. Krafa kæranda um að Olíuverzlun Íslands hf. megi ekki láta almenning vita um aðkomu félagsins að verkefni, sem félagið hafi stutt í mörg ár með verulegu fjárframlagi, sé mjög óeðlileg og ósanngjörn og tilraun til að endurskrifa söguna. Til að lýsa óraunsæi þessarar kröfu enn frekar megi geta þess að vefurinn google.com haldi utan um allar fréttir og upplýsingar sem tengist orðunum Olís eflir opinn skóg. Olíuverzlun Íslands hf. hafni því enn og aftur alfarið kvörtun kæranda og ítreki ósk sína um að Neytendastofa vísi málinu frá.

16. Með bréfi Neytendastofu, dags. 6. september 2012, var aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að máli yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

17. Hinn 12. nóvember 2012 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 45/2012, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til aðgerða af hálfu stofnunarinnar vegna kvörtunar kæranda. Í niðurstöðukafli ákvörðunarinnar er fyrst vikið að kvörtun kæranda og helstu sjónarmiðum aðila, auk þess sem efni 5. gr., 1. mgr. 8. gr., 9. gr., 13. gr. og 14. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 er rakið, sem og 4. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 og 9. gr. auglýsingar nr. 559/1994. Í ákvörðuninni segir síðan að óumdeilt sé að Olíuverzlun Íslands hf. hafi styrkt verkefnið „Opinn skógur“ allt frá árinu 2002 með árlegum fjárframlögum til Skógræktarfélags Íslands. Hafi þeim fjármunum verið varið til verkefnisins á ýmsum stöðum á Íslandi. Í seinni tíð hafi fjárframlögunum verið varið til viðhalds þeirra svæða sem opnuð hafi verið fyrir tilstilli fjárframlaga Olíuverzlunar Íslands hf.
18. Í skýringum Olíuverzlunar Íslands hf. komi fram að frá árinu 2007 hafi ekki þótt þörf á að endurnýja skriflegan samning milli félagsins og Skógræktarfélagsins en fulltrúar félaganna hafi frá þeim tíma hist a.m.k. einu sinni á ári og sammælt um fjárframlag Olíuverzlunar Íslands hf. Samkvæmt framlögðum reikningi frá Skógræktarfélagi Íslands til Olíuverzlunar Íslands hf., dags. 1. júlí 2011, komi skýrt fram að framlag samkvæmt reikningnum sé styrkur vegna „Opinna skóga“. Því sé ljóst að Olíuverzlun Íslands hf. hafi styrkt verkefni Skógræktarfélagsins „Opinn skógur“ með vitund og vilja Skógræktarfélags Íslands eftir að samningur kæranda og Skógræktarfélagsins var gerður hinn 12. maí 2011. Jafnframt verði að telja allar líkur benda til þess að fjárframlag Olíuverzlunar Íslands hf. til Skógræktarfélagsins sem innt hafi verið af hendi 25. ágúst 2011 hafi verið ætlað í verkefnið.
19. Í ljósi þess að stuðningur Olíuverzlunar Íslands hf. við verkefnið „Opinn skógur“ hafi árum saman að verulegu leyti verið beintengdur við ákveðin svæði á Íslandi verði að telja mjög óeðlilegt að fjárframlög félagsins til Skógræktarfélagsins hinn 25. ágúst 2011, hafi verið álitin almenn framlög til Skógræktarfélagsins, sbr. fund fulltrúa kæranda og Skógræktarfélagsins í höfuðstöðvum kæranda 25. maí 2012, og þá ekki síst með hliðsjón af framangreindum reikningi Skógræktarfélagsins til Olíuverzlunar Íslands hf., dags. 11. júlí 2011. Samvinna Olíuverzlunar Íslands hf. og

Skógræktarfélagssins um verkefnið „Opinn skógur“ sé að mati Neytendastofu þess eðlis að til þess að hún verði aflögð verði að gera það með formlegum hætti, þ.e. tilkynningu Skógræktarfélags Íslands til Olíuverzlunar Íslands hf. um að fjárframlög fyrirtækisins til verkefnisins „Opinn skógur“ verði ekki framar þegin og jafnframt formlegri tilkynningu um að fyrirtækinu sé ekki lengur heimilt að auglýsa aðkomu að verkefninu.

20. Í niðurlagi hinnar kærðu ákvörðunar segir að samkvæmt framansögðu verði ekki séð að færðar hafi verið sönnur fyrir því að samstarfi Olíuverzlunar Íslands hf. og Skógræktarfélags Íslands hafi lokið við undirritun samnings kæranda og Skógræktarfélags Íslands hinn 12. maí 2011, enda sé ekkert í þeim samningi sem kveði á um að öðrum fyrirtækjum sé bannað að styrkja verkefnið. Neytendastofa telji tilvísaðar lagagreinar og reglur því ekki hafa verið brotnar af hálfu Olíuverzlunar Íslands hf. með því að auglýsa að fyrirtækið styrki verkefnið „Opinn skógur“.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

21. Í kæru, dags. 6. desember 2012, er tekið fram að Olíuverzlun Íslands hf. hafi í rúmlega ár auglýst það á bensíndælum sínum að félagið styðji verkefni Skógræktarfélags Íslands „Opinn skógur“, þó þriggja ára samstarfssamningur sé í gildi um verkefnið milli kæranda og Skógræktarfélags Íslands. Telji kærandi að auglýsingar Olíuverzlunar Íslands hf. séu óheimilar þar sem kærandi sé eina olíufélagið sem styrki verkefnið og hafi heimild til þess að auglýsa stuðning sinn við það. Því til stuðnings vísi félagið í samstarfssamning milli kæranda og Skógræktarfélags Íslands, dags. 12. maí 2011, sem og til fundar félagsins með forsvarsmönnum Skógræktarfélags Íslands, dags. 25. maí 2012.
22. Kærandi telji að með sinni gagnaframlagningu hafi komið nægjanlega skýrt fram að félagið hafi eitt olíufélag heimild til þess að styrkja og auglýsa stuðning sinn við verkefnið „Opinn skógur“. Vegna niðurstöðu Neytendastofu hafi kærandi haft samband við Skógræktarfélag Íslands til þess að taka af allan vafa um að félagið hafi eitt heimild til að auglýsa verkefnið. Forsvarsmenn Skógræktarfélagssins hafi í framhaldinu sent bréf til kæranda, dags. 5. desember 2012, þar sem skýrt komi fram að kærandi hafi eitt olíufélag haft heimild til þess að auglýsa verkefnið „Opinn skógur“ frá 12. maí 2011 og að Olíuverzlun Íslands hf. sé óheimilt að auglýsa að félagið styðji verkefnið. Jafnframt komi fram í bréfi Skógræktarfélagssins að greiðsla Olíuverzlunar Íslands hf. til félagsins hafi verið almennt framlag ótengt verkefninu „Opinn skógur“. Í bréfinu komi fram að Olíuverzlun Íslands hf. hafi haft vitneskju um þessar staðreyndir þegar samstarfssamningur Skógræktarfélagssins og kæranda hafi verið gerður og geti því ekki borið fyrir sig vanþekkingu á þeim.
23. Að mati kæranda sé því sannað að Olíuverzlun Íslands hf. hafi með auglýsingum brotið gegn 5., 7., 9., 13. og 14. gr. laga nr. 57/2005 sem og 4. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009. Einnig bendi kærandi á 9. gr. auglýsingar um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd þar sem fram komi að ef fyrirtæki haldi því fram við markaðssetningu sína að þau taki sérstakt tillit til umhverfisins þurfi slíkar fullyrðingar að vera sannar og viðeigandi. Með vísan til framangreindra

málsástæðna, og málsástæðna sem fram hafi komið í bréfum til Neytendastofu, telji kærandi að hin kærða ákvörðun hafi verið byggð á röngum forsendum.

24. Bréfi kæranda fylgdi fyrrnefnt bréf frá framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands, dags. 5. desember 2012. Þar kemur fram að fjárframlög Olúverzlunar Íslands hf. til verkefnisins Opinn skógur hafi fyrstu árin verið veruleg og samkvæmt þáverandi samkomulagi. Gert hafi verið eins árs samkomulag árið 2007 sem ekki hafi verið endurnýjað þrátt fyrir óskir Skógræktarfélags Íslands. Framlög hafi lækkað samkvæmt einhliða ákvörðun Olúverzlunar Íslands hf. Á fundum með félaginu á árinu 2009 og 2010 hafi komið fram að ekki væri við það unandi að það legði minna til verkefnisins en önnur samstarfsfyrirtæki. Með tölvupósti, dags. 11. maí 2011, hafi félaginu verið tilkynnt að tvö ný fyrirtæki kæmu til samstarfs við verkefnið Opinn skóg. Það hafi verið vinnuregla hjá Skógræktarfélagi Íslands að einungis tvö fyrirtæki væru styrktaraðilar Opins skógar á hverjum tíma. Þetta hafi Olúverzlun Íslands hf. átt að vera ljóst. Samstarfi við félagið um uppbyggingu Opinna skóga hafi verið slitið með tilkomu þessara tveggja fyrirtækja á vordögum 2011. Á fundum með forsvarsmönnum Olúverzlunar Íslands hf. árið 2011 hafi komið fram það sjónarmið að félagsins (ásamt öðrum fyrirtækjum) væri ekki getið með neinum hætti þrátt fyrir að hafa lagt verulega fjármuni til uppbyggingu viðkomandi svæða. Við þessu hafi Skógræktarfélag Íslands orðið sumarið 2012. Festir hafi verið upp skildir/plattar á viðkomandi svæðum. Í framtíðinni verði að gæta jafnræðis gagnvart öðrum fyrirtækjum sem komi til með að leggja verkefninu Opinn skógur lið. Á sama fundi hafi Skógræktarfélag Íslands óskað eftir því að hinar áberandi merkingar á dælustöðvum Olís vegna Opins skógar yrðu fjarlægðar. Skógræktarfélagi Íslands sé ekki kunnugt um að við þessari ósk hafi verið brugðist.
25. Í bréfi Skógræktarfélags Íslands segir einnig að ljóst sé að gefinn hafi verið út reikningur eftir að forsvarsmenn Skógræktarfélags Íslands höfðu fundað með Olúverzlun Íslands hf. Greiðslan hafi verið ætluð til viðhalds á eldri reitum sem Olúverzlun Íslands hf. hafði tekið þátt í að opna á sínum tíma. Greiðslan hafi verið að frumkvæði Olúverzlunar Íslands hf. og óviðkomandi „verkefninu Opinn skógur“ og hafi öllum verið það ljóst. Það sé því varla félaginu sæmandi að auglýsa verkefnið Opinn skóg með jafn afgerandi hætti og raun beri vitni án þess að ráðfæra sig við Skógræktarfélag Íslands. Skógræktarfélagið hafi ekki gefið vilyrði fyrir slíkri kynningu. Jafnvel þótt aðilar hafi tímabundið tengst samstarfsverkefni eins og Opinn skógur sé mikilvægt að viðkomandi samstarfsaðilar virði þá ákvörðun að nýir aðilar komi að málefninu og að þeir fái svigrúm til að kynna stuðning sinn við það. Skógræktarfélag Íslands hafi engan áhuga á því að standa í átökum við einstök fyrirtæki eða blanda sér í innbyrðis samkeppni þeirra. Það sé hins vegar einlæg von Skógræktarfélags Íslands að félagið geti áfram unnið með öflugum fyrirtækjum að uppbyggingu skóga og stuðlað að útivist í þeim og bættri lýðheilsu þjóðarinnar í sátt við náttúru og menn.
26. Með bréfi, dags. 10. desember 2012, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 18. desember 2012, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Þar er tekið fram að í gögnum þeim sem hin kærða ákvörðun byggir á megi sjá að Olúverzlun Íslands hf. hafi styrkt verkefnið „Opinn skógur“ allt frá árinu 2002 með árlegum fjárframlögum til Skógræktarfélags

Íslands. Í skýringum Olíuverzlunar Íslands hf. komi fram að frá árinu 2007 hafi ekki þótt þörf á því að endurnýja skriflegan samning milli félagsins og Skógræktarfélagssins en fulltrúar félaganna hafi frá þeim tíma hist a.m.k. einu sinni á ári og sammælt um fjárframlag Olíuverzlunar Íslands hf. Ekki hafi verið sýnt fram á að Skógræktarfélag ríkissins hafi, áður en ákvörðun Neytendastofu var tekin, bannað Olíuverzlun Íslands hf. að styrkja verkefnið „Opinn skógur“. Þvert á móti komi skýrt fram samkvæmt framlögðum reikningi frá Skógræktarfélagi Íslands til Olíuverzlunar Íslands hf., dags. 1. júlí 2011, að framlag samkvæmt reikningnum sé styrkur vegna „Opinna skóga“.

27. Því sé ljóst að Olíuverzlun Íslands hf. hafi styrkt verkefni Skógræktarfélagssins „Opinn skógur“ með vitund og vilja Skógræktarfélagss Íslands eftir að samningur kæranda og Skógræktarfélagssins var gerður hinn 12. maí 2011. Þá verði alls ekki ráðið af þeim samningi að kærandi sé eina olúfélagið sem megi styrkja verkefnið. Í ljósi þess að stuðningur Olíuverzlunar Íslands hf. við verkefnið „Opinn skógur“ hafi árum saman að verulegu leyti verið beintengdur við ákveðin svæði á Íslandi verði að telja mjög óeðlilegt að fjárframlög félagsins til Skógræktarfélagssins á árinu 2011 hafi verið álitin almenn framlög til Skógræktarfélagssins og þá ekki síst með hliðsjón af framangreindum reikningi Skógræktarfélagssins til Olíuverzlunar Íslands hf., dags. 1. júlí 2011. Þá sé til þess að taka að bréf Skógræktarfélagssins sem kærandi vísi til, til stuðnings kæru sinni, sé dagsett 5. desember 2012, eða tæpum þremur vikum eftir að hin kærða ákvörðun lá fyrir. Að mati Neytendastofu hafði Olíuverzlun Íslands hf. hvorki brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 né reglugerð nr. 160/2009 um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir eða auglýsingar um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd er hin kærða ákvörðun var tekin.
28. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 27. desember 2012, var óskað eftir afstöðu kæranda til greinargerðar Neytendastofu. Var kæranda veittur 15 daga frestur í þessu skyni. Með tölvubréfi, dags. 7. janúar 2013, óskaði kærandi eftir frekari fresti og með tölvubréfi áfrýjunarnefndar neytendamála sama dag var fresturinn framlengdur um eina viku. Athugasemdir bárust með bréfi kæranda, dags. 16. janúar 2013. Þar er tekið fram að í bréfi Skógræktarfélagss Íslands, dags. 5. desember 2012, komi fram að samstarfi við Olíuverzlun Íslands hf. um uppbyggingu Opinna skóga hafi verið slitið með tölvupósti til Olíuverzlunar Íslands hf., dags. 11. maí 2011. Þá hafi á fundi félaganna á árinu 2011 verið tekin af öll tvímæli um að Olíuverzlun Íslands hf. væri óheimilt að hafa uppi merkingar á dælustöðvum tengdar Opnum skógi, þar sem félagið hafi verið beðið um að taka merkingarnar niður. Í bréfi Skógræktarfélagssins sé auk þess skýrt tekið fram: „Skógræktarfélag Íslands hefur ekki gefið vilyrði fyrir slíkri kynningu“.
29. Ekki geti farið á milli mála að a.m.k. allt árið 2012 hafi umdeildar merkingar verið uppi í óleyfi Skógræktarfélagssins og að Olíuverzlun Íslands hf. hafi verið það fyllilega ljóst. Engin greiðsla hafi átt sér stað eftir hina umdeildu greiðslu árið 2011. Öllum aðilum sé ljóst að engar greiðslur frá Olíuverzlun Íslands hf. til Skógræktarfélagssins muni eiga sér stað, sem heimili félaginu að auglýsa Opinn skóg, á meðan samningur kæranda við Skógræktarfélagið sé í gildi. Staðhæfing á merkingum Olíuverzlunar Íslands hf., sem enn séu uppi, sé hins vegar í nútíð: „Olís eflir opinn skóg“. Fullyrðingin gefi í skyn að félagið sé enn þann dag í dag styrktaraðili verkefnissins Opinn skógur. Að mati kæranda hafi fullyrðing félagsins samkvæmt framangreindu verið bæði ósönn og

óviðeigandi, sbr. orðalag 9. gr. auglýsingar nr. 559/1994, a.m.k. allt árið 2012. Í ljósi aukinnar umhverfisvitundar neytenda telji félagið þessar röngu og villandi upplýsingar til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um viðskipti og að þær brjóti þannig gegn umræddum ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

30. Í bréfinu segir síðan að kærán sé byggð á því að niðurstaða Neytendastofu hafi verið röng að efni til. Auk þess telji kærandi að brotið kunni að hafa verið gegn reglum stjórnsluréttar um rannsóknar- og leiðbeiningarskyldu stjórnvalda. Í niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar segi að ekki hafi verið færðar sönnur fyrir því að samstarfi Olíuverzlunar Íslands hf. og Skógræktarfélags Íslands hafi lokið í maí 2011. Í greinargerð Neytendastofu, dags. 18. desember 2012, segi: „Ekki hefur verið sýnt fram á að Skógræktarfélag ríkisins hafi, áður en ákvörðun Neytendastofu var tekin, bannað Olís að styrkja verkefnið „Opinn skógur“.“ Af orðum Neytendastofu megi ráða að afstaða stofnunarinnar hafi breyst með áður nefndu bréfi Skógræktarfélags Íslands, þar sem málavaxtalýsing kæranda sé staðfest og gefnar nánari skýringar á málsatvikum. Í rannsóknarreglu stjórnsluréttar felist að stjórnvald skuli að eigin frumkvæði sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun sé tekin í því, sbr. 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Í 20. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 segi að Neytendastofa geti krafið þá sem lögin taki til um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þyki við athugun einstakra mála. Hefði Neytendastofu því að mati kæranda verið í lófa lagið að óska eftir upplýsingum beint frá Skógræktarfélaginu, fyrst það var það sem þurfti til að skýra málavexti. Eins hefði Neytendastofa getað beint þeim tilmælum til kæranda að leita formlegrar staðfestingar Skógræktarfélagsins á málavöxtum, sbr. leiðbeiningarskyldu stjórnvalds samkvæmt 7. gr. stjórnslulaga. Að öðru leyti er í bréfi kæranda vísað til fyrri bréfa félagsins vegna málsins og ítrekaðar gerðar kröfur.
31. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 16. janúar 2013, var Olíuverzlun Íslands hf. send kára málsins, fylgigögn hennar og önnur fyrirliggjandi gögn á kærustigi og óskað eftir afstöðu félagsins til kærunnar. Svar barst með bréfi félagsins, dags. 31. janúar 2013. Þar er tekið fram að í bréfi kæranda til áfrýjunarnefndar neytendamála vitni félagið í bréf sem Skógræktarfélagið hafi sent því með afriti á Olíuverzlun Íslands hf. og ritað hafi verið eftir að niðurstaða Neytendastofu lá fyrir. Þar segi „að greiðsla Olís til Skógræktarfélagsins hafi verið almennt framlag ótengt verkefninu Opinn skógur“. Þetta sé rangt. Umrædd greiðsla hafi sannarlega verið vegna þessa verkefnis eins og greiðslur árin 2009 og 2010, sbr. reinkninga sem meðfylgjandi séu bréfinu, og til þess ætluð að viðhalda þeim svæðum sem opnuð hafi verið fyrir tilstilli fjárframlaga frá Olíuverzlun Íslands hf. Því sé jafnframt hafnað að óskað hafi verið eftir því við félagið að merkingar á dælum yrðu fjarlægðar.
32. Félagið telji rétt að áréttta þá staðreynd, sem fram komi í svari til Neytendastofu þann 13. júlí 2012, að félagið hafi stutt við tilgreind verkefni undir áttakinu „Opinn skógur“, en ekki ótilgreind verkefni, og því sé mjög eðlilegt og réttlátt að félagið haldi rétti sínum til að kynna fyrir almenningi aðkomu sína að verkefninu. Í samstarfssamningi kæranda og Skógræktarfélags Íslands komi fram í 1. gr.: „Meginmarkmið verkefnisins er að opna skóga fyrir almenning og auðvelda aðkomu að þeim“. Þetta sé almennt orðalag og engir ákveðnir skógar tilgreindir. Hér hljóti að vera átt við að opna ný svæði, enda ekki hægt að opna skóga sem nú þegar sé búið að opna með

fjárframlagi Olíuverzlunar Íslands hf. Félagið sé sammála hinni kærðu ákvörðun. Með hliðsjón af framangreindu og þeim gögnum sem áður hafi verið lögð fram telji það rétt að áfrýjunarnefnd neytendamála staðfesti hina kærðu ákvörðun. Bréfi félagsins fylgdu reikningar vegna greiðslna þess til Skógræktarfélags Íslands árin 2009 og 2010 svo og reikningurinn frá júlí 2011.

33. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 1. febrúar 2013, var kæranda kynnt bréf Olíuverzlunar Íslands og honum gefinn kostur á að tjá sig um það. Kærandi svaraði með bréfi, dags. 12. febrúar 2013, sem áfrýjunarnefnd neytendamála telur ekki þörf á að rekja hér, enda inniheldur það ekki sjónarmið sem þýðingu hafa og áður höfðu ekki komið fram. Með bréfi, dags. 25. febrúar 2013, kynnti áfrýjunarnefnd neytendamála Olíuverzlun Íslands hf. síðastgreint bréf kæranda. Í sama bréfi tilkynnti áfrýjunarnefnd neytendamála, með vísan til 3. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, að afgreiðsla málsins myndi tefjast, vegna mikilla anna nefndarinnar, og hvenær stefnt væri að því að kveða upp úrskurð. Með bréfi sama dag sendi áfrýjunarnefnd neytendamála kæranda jafnframt tilkynningu á grundvelli 3. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Skipunartími áfrýjunarnefndar neytendamála rann hins vegar út í júní og var málið ekki tekið til úrskurðar fyrr en eftir skipun nýrrar nefndar í október 2013.

NIÐURSTAÐA

34. Í máli þessu er deilt um þá ákvörðun Neytendastofu að ekki sé ástæða til aðgerða vegna kvörtunar kæranda yfir auglýsingum Olíuverzlunar Íslands hf. á bensínstöðvum félagsins, þar sem segir: „Olís eflir opinn skóg“. Ótvírætt er að umrædd fullyrðing skírskotar til verkefnisins „Opinn skógur“, sem Skógræktarfélag Íslands hefur unnið að frá árinu 2002 í samvinnu við aðildarfélög sín og fleiri aðila.
35. Eins og hinum umdeildu auglýsingum og ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 er háttáð, ræðst niðurstaðan um það hvort auglýsingarnar brjóti gegn lögum nr. 57/2005 af því hvort fyrir liggir að framangreind fullyrðing, „Olís eflir opinn skóg“, sé rétt. Um það vísast til 4. mgr. 6. gr. laganna, um að fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á, sem og ákvæða 9. og 14. gr., sem fela í sér bann við villandi upplýsingum í auglýsingum. Ef framangreind fullyrðing er ekki rétt verður að telja að með auglýsingunum sé brotið gegn umræddum ákvæðum og þá um leið hinum almennari ákvæðum í 5. og 8. gr. laganna.
36. Fyrir liggur að hinn 12. maí 2011 undirrituðu kærandi og Skógræktarfélag Íslands samstarfssamning um framangreint verkefni, en Olíuverzlun Íslands hf. hafði áður styrkt verkefnið. Byggir kærandi á því að með samningnum 2011 hafi samstarfi Olíuverzlunar Íslands hf. og Skógræktarfélagsins lokið og Olíuverzlun Íslands hf. brjóti gegn lögum nr. 57/2005 með því að auglýsa enn með framangreindum hætti. Fyrir liggur reikningur Skógræktarfélags Íslands til Olíuverzlunar Íslands hf., dags. 1. júlí 2011, en á honum stendur „Styrkur v/Opinna skóga“. Í hinni kærðu ákvörðun er m.a. vísað til umrædds reiknings og tekið fram að samkvæmt honum sé ljóst að Olíuverzlun Íslands hf. hafi styrkt umrætt verkefni, með vitund og vilja Skógræktarfélagsins, eftir að samningur kæranda og Skógræktarfélagsins var gerður. Ekki verði

séð að færðar hafi verið sönnur fyrir því að samstarfi Olúverzlunar Íslands hf. og Skógræktarfélags Íslands hafi lokið við undirritun sammings kæranda og Skógræktarfélags Íslands hinn 12. maí 2011, enda ekkert í þeim samningi sem kveði á um að öðrum fyrirtækjum sé bannað að styrkja verkefnið.

37. Kæru í máli þessu fylgdi bréf Skógræktarfélags Íslands, dags. 5. desember 2012, sem ritað var í kjölfar hinnar kærðu ákvörðunar. Í bréfinu kemur m.a. fram að samstarfi Skógræktarfélagsins við Olúverzlun Íslands hf. hafi verið slitið á vordögum 2011 þegar kærandi og annað fyrirtæki komu að umræddu verkefni. Á fundi með forsvarsmönnum Olúverzlunar Íslands hf. árið 2011 hafi Skógræktarfélag Íslands óskað eftir því að hinar áberandi merkingar á dælustöðvum félagsins yrðu fjarlægðar. Greiðslan samkvæmt reikningnum frá júlí 2011 hafi verið að frumkvæði Olúverzlunar Íslands hf. Hún hafi verið óviðkomandi verkefninu „Opinn skógur“ og öllum verið það ljóst. Því sé félaginu varla sæmandi að auglýsa verkefnið með jafn afgerandi hætti og raun beri vitni án þess að ráðfæra sig við Skógræktarfélagið, sem hafi ekki gefið vilyrði fyrir slíkri kynningu.
38. Af framangreindu er ljóst að aðilar deila um hvort fjárframlag Olúverzlunar Íslands hf. til Skógræktarfélags Íslands nálægt miðju ári 2011 hafi verið vegna verkefnisins „Opinn skógur“ eða ekki. Á hinn bóginn verður að telja óumdeilt að ekki hafi komið til frekari greiðslna af hálfu félagsins vegna umrædds verkefnis, né muni koma til frekari slíkra greiðslna á gildistíma núverandi sammings milli Skógræktarfélagsins og kæranda. Þegar af þessari ástæðu getur að mati áfrýjunarnefndar neytendamála engum úrslitum ráðið hvort framangreind greiðsla teljist hafa verið vegna umrædds verkefnis eður ei. Jafnvel þótt miðað sé við að greiðslan hafi verið vegna verkefnisins er ljóst að það gerir núverandi notkun fullyrðingarinnar „Olís eflir opinn skóg“ ekki rétta. Í því sambandi athugast að fullyrðingin er sett fram í nútíð og gefur skýrlega til kynna að Olúverzlun Íslands hf. sé enn að styrkja umrætt verkefni, þótt fyrir liggi að félagið hafi í öllu falli enga greiðslu innt af hendi til þess síðan um mitt ár 2011, rúmu ári áður en hin kærða ákvörðun var tekin, og muni ekki inna frekari greiðslur af hendi til þess, enda hefur Skógræktarfélag Íslands skýrlega lýst því yfir að samstarfinu hafi verið slitið. Samkvæmt þessu verður að telja ótvírætt að framangreindar auglýsingar, sem enn munu að einhverju marki vera uppi á bensínstöðvum félagsins, þótt liðin séu hartnær tvö ár frá hinni umdeildu greiðslu, brjóti gegn áðurnefndum ákvæðum laga nr. 57/2005, enda innihalda þær fullyrðingu sem er röng. Í þessu sambandi áréttast, vegna sjónarmiða Olúverzlunar Íslands hf., að sú fullyrðing sem um er deilt, lýtur ekki að þeim styrkjum sem félagið hefur veitt umræddu verkefni í fortíðinni, heldur er hún sem fyrr segir í nútíð og verður skilinn svo að félagið sé enn að veita verkefninu fjárstyrk. Sjónarmið félagsins í þá veru að því sé heimilt að vekja athygli á fyrri framlögum sínum til verkefnisins geta þannig engu breytt um réttmæti þeirrar auglýsingar sem hér er um deilt.
39. Samkvæmt framansögðu telur áfrýjunarnefnd neytendamála að auglýsingar kæranda, með fullyrðingunni „Olís eflir opinn skóg“, feli í sér brot gegn áðurnefndum ákvæðum laga nr.

57/2005. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laganna og almennra reglna stjórnsluréttar um valdheimildir æðra settra stjórnvalda á kærustigi verður félaginu því bönnuð notkun umræddra auglýsinga, með þeim hætti sem greinir í úrskurðarorði, en af framangreindri niðurstöðu leiðir um leið að hin kærða ákvörðun verður felld úr gildi. Eins og málið liggur fyrir telur áfrýjunarnefnd neytendamála hins vegar hvorki efni til að leggja stjórnvaldssekt á félagið eða mæla fyrir um dagsektir í úrskurði þessum, en eðli stjórnslusambandsins samkvæmt mun koma í hlut Neytendastofu að taka ákvörðun um hvernig banninu verður fylgt eftir, verði ekki farið að því, sbr. IX. kafla laga nr. 57/2005.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi og Olíuverzlun Íslands hf. bönnuð notkun auglýsinga með fullyrðingunni: „Olís eflir opinn skóg“. Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir dagsetningu úrskurðar þessa.

Hildur Dungal

Egill Heiðar Gíslason

Halldóra Þorsteinsdóttir